

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 5. febrúar 2018
Mnr. 2018020016



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Skipulags- og byggingafulltrúa

Minnisblað - Skipulags- og byggingafulltrúa

Fundur 12 Janúar

12. Janúar 2018 var fundað á skrifstofu bæjarstjóra, samankomin til fundar voru Axel Skipulags- og byggingafulltrúi, Kristín Ósk Jónasdóttir frá Umhverfisstofnun og Gísli Halldór bæjarstóri.

Fundarefni; Göngustígar, Þjónustuhús landvarðar og deiliskipulag, Sorphirða, hafnarmannvirki, Hesteyri.

Á fundi var farið vítt yfir og fjölmörg vandamál svæðisins rædd, m.t.t. fjölgun ferðamanna og auknum ágangi á svæðið. Þau vandamál sem voru rædd og þörf er á brýnum úrbótum heyra undir stígagerð og bætta hafnaraðstöðu, aðstöðu landvarðar og sorphirðu.

Niðurstaða fundar var sú að Ralf umhverfisfulltrúi myndi uppfæra gönguleiðir í rafrænum grunni fyrir svæði og gögnin nýtt við endurskoðun aðalskipulags þ.e. stígakerfi uppfært.

Gerð nánari grein fyrir hafnarmannvirki í Aðalskipulagi, m.t.t. framkvæmda og bættrar hafnaraðstöðu þannig að unnt verði að bæta öryggi farþega sem eiga leið um.

Kannað verði hjá Framkvæmdasjóði Ferðamanna og Minjastofnun um hvort hægt verði að fá styrkúthlutun vegna deiliskipulagsgerðar fyrir landvarðarhúss og verndarsvæðis í byggð (Hesteyri)

Úrbætur í sorpmálum, þ.e. Ralf tekur erindið fyrir á fundi Umhverfisnefndar og í Hafnarstjórn. Mögulegar lausnir úrbætur kynntar.

Fundur 19. Janúar

19. Janúar komu saman til fundar í fundarherbergi tæknideildar á fjórðu hæð, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Kristín Ósk Jónasdóttir, Ralf Trylla og Axel Rodriguez

Fundarefni; Sorpmál í Hornstrandafriðlandi, gönguleiðir.

Kynnt voru frumdrög að göngustígakerfi svæðisins þ.e. m.t.t. skipulags og tengingar við Tjaldsvæði og helstu bygginga. Jafnframt vandamál varðandi losun á sorpi af svæðinu. Helstu vandamál eru að sorpgámar eru oft á tíðum fullir og almennt er erfitt um vik að fá ferðaþjónustuaðila til þess að taka sorp með til baka. Þeir ferðamenn sem hafa tekið sorp (eigið) til baka kvarta yfir fullum gámum og aðgengi.

Niðurstaða fundar; Ralf vinnur áfram í teiknigrunni, jafnframt verður bókað inn á fund Umhverfisnefndar erindi um sorpmál í Hornstrandafriðlandi, þar sem nefndin leggur til úrbætur.